

Fundargerð

31. fundur íþrótt- og tómstundanevndar Langanesbyggðar haldinn þann 13. janúar 2009 kl.
18:00 á Eyrinni.

Mætt eru: Árni Davíð Haraldsson, Linda E. Phersson, Sóley Vífilsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Ragnar Sigfússon og Halldóra Gunnarsdóttir.

Dagskrá.

1. Nýráðinn æskulýðs- og menningarfulltrúi, boðinn velkominn til starfa, Halldóra Gunnarsdóttir.
2. Starfsreglur og lýsing ÍTN.
Farið yfir starfsreglur æskulýðs- og menningarfulltrúa og þær geymdar til samþykkis til næsta fundar. Halldóra ætlar að fá starfsreglur ÍTN hjá sveitarstjóra. Linda ætlar að innheimta hjá forstöðumanni íþróttahússins skýrslu fyrir síðasta ár (árið 2008).
3. Forgangsröðun verkefna.
10. ára afmæli íþróttahússins 17. janúar rætt um að tilnefna efnilegasta íþróttamanninn á svæðinu.
Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Rætt um Svartholið og gangsetningu þess. Klúbbastarfsemi, svartholsnefnd o.fl. Halldóra upplýst um hvernig starfsemi félagsmiðstöðvarinnar hefur verið háttað undanfarin ár, sem og störf nefndarinnar. Dansnámskeið Önnu Breiðfjörð. Reyna að fá dansnámskeið helgina fyrir þorrablót (sem er 14. febrúar). Linda ætlar að heyra í Önnu. Kátir dagar 2009. Málið er í farvegi / vinnu hjá sveitarstjóra og æskulýðs- og menningarfulltrúa. Halldóra gaf okkur upp sínar hugmyndir á hátíðinni. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.
4. Önnur mál.
Gufubaðið í íþróttahúsinu liggur enn niðri. Brynna úrbóta er þörf. Brunavarnir í Svartholi eru enn í ólestri.
Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 19:45.